

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir talnagetraunir Íslenskrar getspár, nr. 86 24. febrúar 1993.

1. gr.

3. gr., liður 3.9, orðist svo:

- 3.9. Verð fyrir hvern leik (röð) í „Lottó 5/38“ er 50 kr. og í Víkingalottói 20 kr. Aðeins er unnt að gerast þátttakandi hjá söluaðilum Íslenskrar getspár.

2. gr.

5. gr., liður 5.7.a, orðist svo:

- a) enginn þátttakandi hafi allar 5 aðaltölur réttar, skal vinningsfjárhæð þess flokks, án viðbótar samkvæmt lið 5.5.1.a, yfirfærast til næstu leikviku og koma í hlut þeirra er fá allar fimm aðaltölur réttar í þeirri leikviku. Verði heldur ekki neinn þátttakandi með allar aðaltölur réttar í þeirri leikviku flyst vinningsfjárhæðin áfram til þarnæstu viku o.s.frv.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um talnagetraunir, nr. 26 2. maí 1986, öðlast þannig gildi að ákvæði 1. gr. gilda frá og með 4. september 1995 en ákvæði 2. gr. öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. ágúst 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.